

Innleiðing lífrænnar sorpflokkunar í Árborg – Spurt og svarað

Purfa allir að flokka lífrænan úrgang?

- Það er mjög mikilvægt að allir íbúar sveitarfélagsins flokki lífrænan úrgang frá heimilissorpi. Sama hvaða leið er skoðuð í meðhöndlun á heimilissorpi þá er vinnsla á lífrænum úrgangi alltaf mun ódýrari og að auki mun umhverfisvænni. Hvert flokkað kíló sparar sveitarfélaginu útgjöld og hefur það bein áhrif á sorphirðugjald. Stefnt er að því að flytja heimilissorp til brennslu erlendis til orkunýtingar. Til þess að hægt sé að brenna heimilissorp þarf að flokka allan lífrænan úrgang frá. Lífrænn úrgangur í grátunnu getur því útilokað heilan farm heimilissorps í brennslu og þarf þá að urða þann farm. Það leiðir til kostnaðaraukningar fyrir sveitarfélagið sem skilar sér í hærri sorphirðugjöldum.

Hvað mun lífræna flokkunin kosta fyrir heimili í Árborg?

- Vegna óumflýjanlegra breytinga á meðhöndlun sorps munu verða breytingar á sorphirðugjaldi í heild sinni. Reiknað er með að flokkun lífræns úrgangs eigi frekar eftir að hafa lækkandi áhrif á heildar breytinguna en hækkandi. Sveitarfélagið greiðir fyrir tæmingu á tunnum, kílóverð fyrir flutning á sorpi og síðan kílóverð fyrir meðhöndlun. Reiknað er með að kílóverð fyrir meðhöndlun á lífrænum úrgangi verði mun lægra en meðhöndlun á heimilissorpi. Kostnaðarauki verður vegna tæmingar en við innleiðingu lífrænnar tunnu verða allar tunnur losaðar á þriggja vikna fresti og eykst losun um 9 losanir á ári m.v. núverandi kerfi.

Eru allir skyldugir til að taka við lífrænni tunnu, þó þeir séu með moltugerð?

- Mikilvægt er að allir nýti lífrænu tunnuna. Að jafnaði fer ekki allur lífrænn úrgangur frá heimilum í heimagerða moltu. Þeir sem nýta sér moltugerð þyrfa að nýta brúnu tunnuna fyrir þá flokka sem ekki eiga heima í heimagerðri moltugerð, s.s. kjöt, fisk og mjólkurafurðir.
- Allir fasteignaeigendur greiða sorphirðugjöld m.v. þriggja tunnu kerfi. Við innleiðingu er brúna tunnan keyrð til íbúa án endurgjalds en eftir innleiðingu munu íbúar þurfa að greiða gjald fyrir tunnuna líkt og aðrar tunnur.
- Moltugerð í heimahúsum er þó afar hagkvæmur kostur fyrir alla íbúa enda er náttúrulegasta leiðin til endurnýtingar að molta lífrænan úrgang heima við og nýta úrganginn í garðinn. Sveitarfélagið greiðir kílóaverð bæði fyrir flutning og meðhöndlun á lífrænum úrgangi svo því fleiri sem molta því ódýrari verður bæði flutningur og meðhöndlun sem skilar sér í lægri sorphirðugjöldum.

Get ég hætt með tunnur heima og farið sjálf/-ur með þetta á haugana og hætt að borga sorpgjaldið?

- Allir fasteignaeigendur greiða sorphirðugjald miðað við þriggja tunnu kerfi.

Lífræna tunnan verður 140L sértunna, af hverju var ekki farið í tunnu í tunnu kerfi?

- Tunna í tunnu kerfið hefur reynst erfitt viðureignar og skapar erfiðar vinnuaðstæður fyrir starfsmenn í sorplosun. Lífrænn úrgangur er mjög þungur og því snyrtilegra, fljótlegra og líkamlega auðveldara að tæma sér tunnu.
- Það hefur einnig verið reynslan að hólfin í tunnunum hafa átt það til að falla ofan í tunnuna. Þær hafa í einhverjum tilfellum farið í ruslabílana fyrir mistök. Svo er meiri hætta á blöndun sorps í slíkum tunnum, en mikilvægt er að halda ólíkum flokkum sorps ómengduðum af öðru sorpi þannig að verðmæti þess verði sem mest.

Þarf lífrænn úrgangur að fara í pokum í tunnuna?

- Já, lífrænan úrgang þarf að setja í poka sem brotna niður, s.s. maíspoka. Ekki má setja lífrænan úrgang í plastpokum í tunnuna.

Hvar fást pokar sem brotna niður?

- Maíspokar fást m.a. í öllum helstu matvörubúðum. Við afhendingu brúnu tunnunnar fá íbúar afhenta eina rúllu af niðurbriótanlegum pokum en sveitarfélagið mun ekki dreifa pokum til íbúa að öðru leyti.

Má ég setja pizzakassa í lífrænu tunnuna?

- Nei, pizzakassar fara ásamt öðrum bylgjupappa í bláu tunnuna.

Lítill bein mega fara í brúnu tunnuna en stór eiga að fara í gráu tunnuna, hvert er viðmiðið?

- Ekki er miðað við ákveðin stærðarmörk en gott er að miða við að bein af læri og hrygg fari í almennt sorp en kótilettubein, kjúklingabein og fiskbein fari í brúnu tunnuna.

Er þetta þá komið? Verða þjár tunnur til frambúðar eða eiga íbúar von á fjórðu tunnunni?

- Sveitarfélagið hefur ekki gert frekari áform um flokkun frá heimahúsum en gera má ráð fyrir að með aukinni umhverfisvitund og harðari kröfum til endurnýtingar á hráefnum komi flokkun frekar til með að aukast. Erfitt er að spá fyrir um hvernig flokkunarreglum verður háttað í framtíðinni þar sem úrvinnsla hráefna hefur allt með það að segja hvernig hentugt er að flokka. Þar af leiðandi er ekki hægt að áætla hvort frekari flokkun kalli á fleiri tunnur eða hvort sorpflokkar komi til með að breytast.

Hvers vegna var ákveðið að brúna tunnan skyldi losað á 3ja vikna fresti?

- Eftir innleiðingu brúnu tunnunnar verða allar tunnur losaðar á 3ja vikna fresti. Þegar um er að ræða þrjár tunnur er hagkvæmast að losa á þriggja vikna fresti, önnur tilhögun yrði mjög kostnaðarsöm. Tíðni losunar á brúnu tunnunni er í samræmi við losanir á sambærilegum tunnum í öðrum sveitarfélögum.

Purfa íbúar sjálfir að sjá til þess að koma tunnunum fyrir?

- Já, íbúar þurfa sjálfir að finna tunnunum viðeigandi stað innan sinna lóða. Sveitarfélagið bendir á ákvæði byggingarreglugerðar varðandi stærð og staðsetningu sorpskýla.


Hvaða stærðir tunna eru í boði og hver eru málin á þeim?

- Gráu tunnuna er hægt að fá í tveim stærðum 120L og 240L – sjá viðmiðunarstærðir á teikningu hér að neðan.
- Bláu tunnuna er eingöngu hægt að fá í einni stærð, 240L – Sjá viðmiðunarstærðir á teikningu hér að neðan.
- Brúnu tunnuna er eingöngu hægt að fá í einni stærð, 140L – sjá viðmiðunarstærðir á teikningu hér að neðan.
- Sveitarfélagið bendir á ákvæði byggingarreglugerðar varðandi stærð og staðsetningu sorpskýla.
- Vilji íbúar skipta um stærð á gráu eða bláu tunnunni, sem þeir eru þegar með, skal senda beiðni þar um á arborg@arborg.is. Beiðninni þarf að fylgja nafn, heimilisfang og kt. greiðanda. Athugið að greitt er fyrir innkaup á tunnum skv. gjaldskrá. Einnig er bent á að sorphirðugjöld eru lægri fyrir minni tunnur.

Viðmiðunarstærðir á sorptunnum

Allar stærðir eru í millimetrum

Stærðir	1	2	3
120 Lítra	980	485	550
140 Lítra	1065	485	550
240 Lítra	1075	580	725



Stærðir	1	2	3
660 Lítra	1165	1265	775
1.100 Lítra	1295	1265	1070



ATH! Uppgefnar stærðir eru einungis til viðmiðunar enda breytilegar eftir framleiðanda!